

Netmáli B7 um mæligögn, notkunarferla og notkunarferilsuppgjör

Viðbrögð Landsnets við umsögnum við
netmála B7 um mæligögn, notkunarferla og
notkunarferilsuppgjör

Febrúar
2022

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR OG FLOKKUN ATHUGASEMDA	3
1.1	Inngangur	3
1.2	Fjöldi umsagna	3
1.3	Athugasemdir	3
2.	UMSAGNIR VIÐ NETMÁLA B7 UM MÆLIGÖGN, NOTKUNARFERLA OG NOTKUNARFERILSUPPGJÖR.	3
2.1	Almennt	3
2.1.1	Skilgreiningar	3
3.	VIÐAUKI: UMSAGNIR	4

1. Inngangur og flokkun athugasemda

1.1 Inngangur

Unnið hefur verið að endurskoðun á netmála B7 um mæligögn, notkunarferla og notkunarferilsuppgjör vegna snjallmælavæðingu almennings hjá dreifiveitum. En áætlað er að þessi skipti muni ljúka á næstu árum.

Markmiðið með endurskoðuninni er að auðvelda sendingu, úrvinnslu og meðhöndlun á gögnum og uppgjöri úr tímamældum almennum mælum.

Drög að netmála um mæligögn, notkunarferla og notkunarferilsuppgjör var kynnt fulltrúum viðskiptamannaráðs Landsnets 26.nóvember 2021. Leitað var eftir umsögnum á tímabilinu 29.nóvember – 22.desember 2021. Alls barst eitt erindi.

1.2 Fjöldi umsagna

Tafla 1: Yfirlit yfir umsagnir

01	HS Veitur
----	-----------

1.3 Athugasemdir

Í kaflanum hér á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust. Framsetning þeirra er þannig að viðkomandi athugasemd er birt, hún skyggð og merkt þeim sem hún tilheyrir, sjá eftirfarandi dæmi.

Óskað er eftir því að það sé skýrt hvers vegna slíkar kröfur eru settar. [01]

Að neðan má svo sjá viðbrögð Landsnets við athugasemdinni

2. Umsagnir við netmála B7 um mæligögn, notkunarferla og notkunarferilsuppgjör.

2.1 Almenn

Athugasemdir sem falla undir flokkinn almennt snúa að kafla 5 í netmálanum um skyldur dreifiveitna.

2.1.1 Skilgreiningar

2.1.1.1

Núverandi flokkun gerir ráð fyrir þrepum 63A og undir og stærra en 63A, HS Veitur myndu vilja sjá þetta í þremur þrepum. ≤ 63A, >63A undir 200.000 kWh og >63A yfir 200.000 kWh þar sem þeir sem eru í yfir 200.000 kWh. Nokkurs konar A, B, C flokkun.

Viðbrögð: Eins og staðan er núna mun Landsnet ekki gera breytingar á netmála varðandi þessa athugasemd. Ástæður eru eftirfarandi:

- Aukið flækjustig með þrískiptingu gagnaskila í stað tvískiptingar kallar á meira utanumhald varðandi hvenær og hvernig má skila gögnum.
- Getur aukið skekkju í jöfnunarorkuuppgjöri þar sem þetta mun að einhverju marki auka það orkumagn sem getur verið áætlað á hverjum tíma.
- 200.000 kWh er fljótandi viðmið þar sem ekki er vitað fyrirfram hver ársnotkun allra veitna er og breytingar get orðið milli tímabila.

Núverandi tillaga að breytingu á netmála B7 var unnin af sameiginlegum vinnuhópi allra dreifiveitna í samráði við Landsnet og sambærilegar athugasemdir bárust ekki frá öðrum dreifiveitum.

Ef reynsla sýnir að dreifiveitur eigi í erfiðleikum með að standa í skilum á tímaraðagögnum með þessum nýju reglum og þegar reynsla er komin á nýtt fyrirkomulag getur Landsnet endurskoðað það að bregðast við og uppfæra netmála B7 í samræmi.

3. Viðauki: umsagnir

Hér að neðan er að finna umsagnir viðskiptavina okkar eins og þær bárust Landsneti.

Athugasemd frá Júlíusi Jónsson (julius@hsveitur.is) – dagsett 9.12.2021

Núverandi flokkun gerir ráð fyrir 2 þrepum 63A og undir og stærra en 63A, HS Veitur myndu vilja sjá þetta í þremur þrepum. $\leq 63A$, $>63A$ undir 200.000 kWh og $>63A$ yfir 200.000 kWh þar sem þeir sem eru í yfir 200.000 kWh. Nokkurs konar A,B,C flokkun